



Reykjavík, 12. nóvember 2018

Til: Skipulags- og samgönguráð
Efni: Salernisaðstaða við Mógilsá og Gufunes

Vísað er til tillagna fulltrúa Sjálfstæðisflokksins dagsetta 7. nóvember 2018 um annars vegar salernisaðstöðu við Mógilsá (nr. US180345) og hins vegar salernisaðstöðu við Gufunesbæ (nr. US180346). Í greinargerð með tillögunum er bent á að eitt fjölfarnasta útivistarsvæði borgarinnar er við Mógilsá, en þar er engin salernisaðstaða utan opnunartíma Esjustofu. Jafnframt er því lýst að svæðið umhverfis Gufunesbæ sé gríðarlega fjölsótt. Ekkert aðgengi er að salernum á svæðinu eftir opnunartíma frístundamiðstöðvarinnar. Einungis þeir hópar sem hafa pantað afnot af svæðinu utan opnunartíma geta fengið aðgang að salernum með því að starfsmaður Gufunesbæjar sé á staðnum og er þá greitt fyrir slíka þjónustu. Leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokks til að komið verði upp aðstöðu sem börn og fullorðnir hafi aðgang að eftir opnunartíma Gufunesbæjar.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur haft salernismál í borgarlandinu til skoðunar undafarin misseri. Gefin var út skýrsla um málið árið 2016 þar sem farið var almennt yfir salernismál í borginni og lagðar til breytingar. Deild opinna svæða á skrifstofu framkvæmda og viðhalds hefur mótað áætlun fyrir árið 2019 um byggingu varanlegrar salernisaðstöðu, bæði við Esjurætur (Mógilsá) og hins vegar við Gufunesbæ. Ef fjárhagsáætlun ársins 2019 verður samþykkt mun verkefnið hefjast á næsta ári. Á meðan verið er að koma fyrir varanlegri salernisaðstöðu við Esjurætur mun þjónustusamningur við Esjustofu ehf., um hirðingu salerna og fleiri atriða, verða framlengdur um að minnsta kosti eitt ár en samningurinn hefur verið í gildi frá vordögum 2015. Enginn sambærilegur samningur eða samkomulag er við Gufunesbæ og mun það svæði því bíða þar til ný varanleg salernisastaða verði tilbúin.

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson
Skrifstofustjóri
Skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins